



Efni: Viðauki við grunnlýsingu dagsett 2. október 2024 vegna 120.000.000.000 kr. útgáfuramma

Viðauki þessi er birtur á grundvelli laga um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði nr. 14/2020. sbr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129. Grunnlýsing dagsett 2. október 2024 útgefin af Orkuveitu Reykjavíkur (hér eftir nefnd „grunnlýsingin“ og „Orkuveitan“, „útgefandi“ eða „félagið“) skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þessa og gilda skilgreiningar í grunnlýsingunni jafnframt um viðauka þennan. Við birtingu viðaukans myndar hann órjúfanlegan hluta grunnlýsingarinnar.

Hækkun á útgáfuramma Orkuveitunnar

Í grunnlýsingunni er vísað til þess að Orkuveitan geti, með heimild frá stjórn útgefanda, gefið út skuldabréf og víxla samtals að útistandandi fjárhæð allt að 120 ma.kr. á hverjum tíma, í samræmi við ákvæði útgáfuramma skuldabréfa og víxla án eigendaábyrgðar dagsettur 27. febrúar 2023. Á stjórnarfundum þann 27. janúar 2025 ákvað stjórn félagsins að hækka fjárhæð útgáfurammans upp í 170 ma.kr. Af framangreindri hækkun útgáfurammans leiðir að gera þarf eftirfarandi breytingar á grunnlýsingunni:

- Í kaflanum 1.1 – Útgáfuramminn, skal breyta fjárhæðum þar sem vísað er til útgáfurammans þannig að eftirleiðis standi þar „170.000.000.000 kr.“ í stað „120.000.000.000 kr.“
- Í kaflanum 4 – Form endanlegra skilmála, skal breyta fjárhæð á forsíðu formsins á bls. 26 þannig að eftirleiðis standi þar „170.000.000.000 kr.“ í stað „120.000.000.000 kr.“
- Í kaflanum 4 – Form endanlegra skilmála, skal breyta dagsetningu á forsíðu formsins á bls. 26 þannig að eftirleiðis standi þar „27. janúar 2025.“ í stað „27. febrúar 2023.“
- Í kaflanum 4 – Form endanlegra skilmála, skal breyta fjárhæð í fyrstu efnisgrein almenns texta á bls. 26 þannig að eftirleiðis standi þar „170.000.000.000 kr.“ í stað „120.000.000.000 kr.“
- Í kaflanum 4 – Form endanlegra skilmála, skal breyta fjárhæð í undirkafla 6 – Heimild til útgáfu í Hluta II á bls. 31 þannig að eftirleiðis standi þar „170 ma.kr.“ í stað „120 ma.kr.“
- Í kaflanum 6.1 – Skilgreiningar og tilvísanir, skal breyta fjárhæð í þriðju efnisgrein á bls. 46 þannig að eftirleiðis standi þar „170 ma.kr.“ í stað „120 ma.kr.“

Ný útgáfuáætlun Orkuveitunnar

Í kafla 1.5 – Útgáfuáætlun í grunnlýsingunni er vísað til þess að núgildandi fjármögnunaráætlun Orkuveitunnar nemi allt að 30 milljörðum króna á árinu 2024, í formi skuldabréfaútgáfu, víxlaútgáfu eða bankaláns, samkvæmt heimild stjórnar frá 26. febrúar 2024 til fjármögnunar á því tímabili.

Efni undirkaflans skal skipt út fyrir eftirfarandi texta:

„Núgildandi fjármögnunaráætlun Orkuveitunnar nemur allt að 34 milljörðum króna á árinu 2025, í formi skuldabréfaútgáfu, víxlaútgáfu eða bankaláns, samkvæmt heimild stjórnar til fjármögnunar á árinu.“

Verðbréf til eigin nota vegna viðskiptavaka

Í kaflanum 4 - Form endanlegra skilmála eru gerðar eftirfarandi breytingar á Hluta II: Aðrar upplýsingar, í þeim tilgangi að mæta mögulegum samningsskuldbindingum Orkuveitunnar gagnvart viðskiptavökum:

- Í lið 1 – Skráning og taka til viðskipta, skal eftirfarandi texti í umfjöllun með fyrirsögninni - Skráning og taka til viðskipta: „[[[Óskað hefur verið / óskað verður] eftir því að öll útgefin verðbréf í flokknum [ISIN númer flokks] verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.“ eftirleiðis vera „[[[Óskað hefur verið / óskað verður] eftir því að verðbréf í flokknum [ISIN númer flokks] að nafnvirði [nafnvirði verðbréfa] verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.“
- Í lið 1 – Skráning og taka til viðskipta, skal eftirfarandi texti í umfjöllun með fyrirsögninni - Skráning og taka til viðskipta: „[Öll þegar útgefin verðbréf í flokknum [ISIN númer flokks] eru þegar í viðskiptum á Aðalmarkaði



Nasdaq Iceland.“ eftirleiðis vera „[Verðbréf í flokknum *[ISIN númer flokks]* að nafnvirði *[nafnvirði verðbréfa]* eru þegar í viðskiptum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.“

- Í lið 1 – Skráning og taka til viðskipta, skal eftirfarandi texti í umfjöllun með fyrirsögninni - Skráning og taka til viðskipta: „[Óskað hefur verið / óskað verður] eftir að aukning verðbréfaflokksins að nafnvirði *[nafnvirði aukningarinnar]* verði einnig tekin til viðskipta á sama markaði.]“ eftirleiðis vera „[Óskað hefur verið / óskað verður] eftir að aukning verðbréfaflokksins að nafnvirði *[nafnvirði verðbréfa]* verði einnig tekin til viðskipta á sama markaði.]“
- Í lið 1 – Skráning og taka til viðskipta, skal eftirfarandi texti bætast við umfjöllun með fyrirsögninni - Skráning og taka til viðskipta:
„[Aukning að nafnvirði *[nafnvirði verðbréfa]* verður ekki tekin til viðskipta þar sem þau verðbréf eru gefin út til eigin nota í tengslum við samningsskuldbindingar gagnvart viðskiptavaka verðbréfaflokksins og eru þau verðbréf óseld.] / [Á ekki við.]“
- Í lið 6 – Heimild til útgáfu, skal eftirfarandi texti í annarri efnisgrein: „Verðbréfin hafa öll verið seld“ eftirleiðis vera „Verðbréf að nafnvirði *[nafnvirði verðbréfa]* hafa verið seld“
- Í lið 6 – Heimild til útgáfu, skal eftirfarandi texti bætast við aðra efnisgrein:
„[Verðbréf að nafnvirði *[nafnvirði verðbréfa]* eru gefin út til eigin nota í tengslum við samningsskuldbindingar gagnvart viðskiptavaka verðbréfaflokksins og eru óseld.] / [Á ekki við.]“

Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda

Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, kennitala 551298-3029, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, lýsir því yfir fyrir hönd Orkuveitu Reykjavíkur, sem útgefanda, að samkvæmt hans bestu vitund séu upplýsingarnar, sem viðaukinn hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hans.

Reykjavík, 10. febrúar 2025

Fyrir hönd Orkuveitu Reykjavíkur

Sævar Freyr Þránínsson

Forstjóri